

Aðalstræti 12
415 Bolungarvík
nave@nave.is

Fornleifaskráning

*Fornleifaskráning vegna lagningu
strengs MJ2 frá Mjólkárvirgjun að
Hrafnseyri og yfir Arnarfjörð inn í
Bíldudalsvog*

*Með viðbótum vegna breytinga á
streng*

Margrét Hrönn Hallmundsdóttir

Febrúar/ágúst 2024

NV nr. 03-24

 NÁTTÚRUSTOFA VESTFJARÐA		Dagsetning: Febrúar 2024
		Dreifing: ☐ Opin ☐ Lokuð til: ☒ Háð leyfi verkkaupa
Skýrsla nr: NV nr. 03-24	Verknúmer: 648	
Heiti skýrslu: Fornleifaskráning vegna lagningu strengs MJ2 frá Mjólkárverkjun að Hrafnseyri og yfir Arnarfjörð inn í Bíldudalsvog.		Blaðsíður: 61
		Upplag: 5
Höfundur: Margrét Hrönn Hallmundsdóttir		Fjöldi korta: 3
		Gerð skýrslu/Verkstig: Fornleifaskráning
Verkefnisstjóri: Margrét Hrönn Hallmundsdóttir		Unnið fyrir: Landsnet
ÚTDRÁTTUR Fornleifaskráning vegna lagningu á streng MJ2 frá Mjólkárverkjun að Hrafnseyri, þaðan yfir Arnarfjörð að Haganesi og inn í Bíldudalsvog.		
Lykilorð íslensk: Fornleifaskráning		Lykilorð ensk: Archaeological Survey
Undirskrift verkefnastjóra: Margrét Hrönn Hallmundsdóttir		Yfirfarið af:

EFNISYFIRLIT

EFNISYFIRLIT	2
1. INNGANGUR.....	3
2. AÐFERÐAFRÆÐI	3
2.1 Tilgangur fornleifaskráninga.....	4
2.2 Skráning fornleifa	5
3. FRAMKVÆMDARSVÆÐIÐ Í NORÐANVERÐUM ARNARFIRÐI	6
3.1 Borg saga.....	6
3.2 Fornleifaskráning - Borg.....	6
Viðbót vegna breytinga á streng í ágúst 2024	8
3.3 Rauðsstaðir saga.....	14
3.4 Fornleifaskráning - Rauðsstaðir.....	15
3.5 Hjallkárseyri saga	19
3.6 Fornleifaskráning - Hjallkárseyri.....	21
3.7 Gljúfrá á saga.....	29
3.8 Fornleifaskráning - Gljúfrá	30
3.9 Karlsstaðir saga	34
3.10 Hrafnseyri saga.....	35
3.11 Fornleifaskráning - Hrafnseyri.....	36
4. FRAMKVÆMDARSVÆÐIÐ Í SUNNANVERÐUM ARNARFIRÐI	45
4.1 Landtaka strengs við Haganes.....	45
4.2 Saga Hóls við Bíldudal.....	46
4.3 Litla Eyri á Bíldudal	48
5. Minjar í landi Litlu Eyrar og Hóls	49
6. NIÐURSTÖÐUR	51
7. TILLÖGUR AF MÓTVÆGISADGERÐUM	53
8. HEIMILDASKRÁ.....	56
9. HNITASKRÁ	58
10. KORT.....	60

1. INNGANGUR

Að beiðni Smára Jónssonar fyrir hönd Landsnets gerði fornleifadeild Náttúrustofu Vestfjarða skráningu á lagnaleið frá Mjólkárverkjun að Hrafnseyri, þaðan liggur strengurinn í hafi yfir Arnarfjörð og kemur á land í Haganesi. Þar liggur strengurinn ofan við veginn inn Bíldudalsvog og þverar svo í skurði að tengivirki. Strengurinn frá



Mynd 1. Kort sem sýnir staðsetningu Arnarfjarðar.

Mjólká að Hrafnseyri liggur að mestu í veginum sem liggur út Arnarfjörðinn. Nokkuð af minjum eru á leiðinni og voru naust algengust minja. Leiðin var gengin og jafnframt notast við vinnu sem fornleifadeild Náttúrustofu Vestfjarða hefur unnið í Arnarfirði við kortlagningu minja og þrívíddamynda sem gerðar hafa verið af minjastöðum í Arnarfirði¹. Vettvangsvinna fór fram 16. september 2023, 16. janúar 2024 og 21. ágúst 2024 var unnin af Margréti Hrönn Hallmundsdóttir sem jafnframt sá um skýrslu- og kortagerð.

Hluti af loftmyndum er frá Loftmyndum ehf með notkunarsamningi við Náttúrustofu Vestfjarða.

Breytingar voru gerðar á strengjaleið í ágúst 2024 og var þá bætt við skráningu í tengslum við þær breytingar og því bætt við.

2. AÐFERÐAFRÆÐI

Aðferðafræði rannsóknarinnar byggir fyrst og fremst á fornleifaskráningu á vettvangi en að auki var farið yfir helstu heimildir um jarðirnar, s.s. örnefnaskrár, túnakort, jarðabækur og annað sem getur gefið vísbendingar um fornminjar. Notast var við Trimble Juno 5 uppmælingatæki og myndir teknar. Einnig var notast við drónamyndir og þrívíddarlíkön sem Náttúrustofan hefur gert af minjum í Arnarfirði og sýna glöggst minjastaði. Myndirnar voru notaðar sem heimildir fyrir vettvangsskráningu.

¹ Margrét Hallmundsdóttir. (2021) *Arnarfjörður á miðöldum áfagaskýrsla 2020*

2.1 Tilgangur fornleifaskráninga

Allir skráðir minjastaðir voru skráðir og voru teknir staðsetningarpunktar á hverjum stað með Trimble Juno 5 uppmælitæki. Minjastöðunum var lýst og ljósmyndir teknar af hverjum stað.

Í lögum um menningarminjar nr. 80 29. júní 2012 segir að lögin eigi að tryggja eftir föngum verndun menningarsögulegra minja í eigin umhverfi og að íslenskum menningararfi verði skilað óspilltum til komandi kynslóða. Eins eiga lögin að auðvelda aðgang að minjunum, kynna þær þjóðinni og greiða fyrir rannsóknum. Þá er fornleifaskráning bundin skipulagsgerð skv. lögnum, en í 16. gr. segir:

Skýlt er að fornleifaskráning fari fram áður en gengið er frá svæðisskipulagi, aðalskipulagi eða deiliskipulagi eða endurskoðun þess og skal sá sem ber ábyrgð á skipulagsgerð í samræmi við skipulagslög standa straum af/ kostnaði við skráninguna.

Í 3. grein laganna eru fornleifar skilgreindar sem:

Fornleifar teljast hvers kyns mannvistarleifar, á landi, í jörðu, í jökli, sjó eða vatni, sem menn hafa gert eða mannaverk eru á og eru 100 ára og eldri, svo sem:

búsetulandslag, skráðgarðar og kirkjugarðar, byggðaleifar, bæjarstæði og bæjarleifar ásamt tilheyrandi leifum mannvirkja og öskuhauga, húsaleifar hvers kyns, svo sem leifar kirkna, bæn húsa, klaustra, þingstaða og búða, leifar af verbúðum, naustum og verslunarstöðum og byggðaleifar í hellum og skútum, vinnustaðir þar sem aflað var fanga, svo sem leifar af seljum, verstöðvum, bólum, mógröfum, kolagröfum og rauðablæstri, tún- og akurgerði, leifar rétta, áveitumannvirki og aðrar ræktunarminjar, svo og leifar eftir veiðar til sjávar og sveita, vegir og götur, leifar af stíflum, leifar af brúm og öðrum samgöngumannvirkjum, vöð, varir, leifar hafnarmannvirkja og bátalægi, slippir, ferjustaðir, kláfar, vörður og önnur vega- og siglingamerki ásamt kennileitum þeirra, virki og skansar og leifar af öðrum varnarmannvirkjum, þingstaðir, meintir hörgar, hof og vé, brunnar, uppsprettur, álagablettir og aðrir staðir og kennileiti sem tengjast siðum, venjum, þjóðtrú eða þjóðsagnahefð, áletranir, myndir eða önnur verksummerki af manna völdum í hellum eða skútum, á klettum, klöppum eða jarðföstum steinum og minningarmörk í kirkjugörðum, haugar, dysjar og aðrir greftrunarstaðir úr heiðnum eða kristnum sið, skipsflök eða hlutar þeirra.

Fornminjar njóta friðunar nema annað sé ákveðið af Minjastofnun Íslands.

Í 21. grein laga um menningarminjar segir:

fornleifum, sbr. 3. mgr. 3. gr., jafnt þeim sem eru friðlýstar sem þjóðminjar og þeim sem njóta friðunar í krafti aldurs, má enginn, hvorki landeigandi, ábúandi, framkvæmdaraðili né nokkur annar, spilla, granda eða breyta, hylja, laga, aflaga eða flytja úr stað nema með leyfi Minjastofnunar Íslands.

Þetta á við um allar fornleifar, óháð sérstakri friðlýsingu. Friðhelgi fornleifa er ekki háð því að þær séu þekktar eða hafi verið skráðar. Sú skylda hvílir á sveitarfélögum eða framkvæmdaaðilum að gera Minjavernd ríkisins viðvart ef fyrirsjáanlegt er að minjar spillist vegna hvers konar framkvæmda eða breyttrar landnotkunar (sjá 12.gr.).

Ef fornminjar sem áður voru ókunnar finnast við framkvæmd verks skal sá sem fyrir því stendur stöðva framkvæmd án tafar. Skal Minjastofnun Íslands láta framkvæma vettvangskonun umsvifalaust svo skera megir um eðli og umfang fundarins. Stofnuninni er skylt að ákveða svo fljótt sem auðið er hvort verki megir fram halda og með hvaða skilmálum. Óheimilt er að halda framkvæmdum áfram nema með skriflegu leyfi Minjastofnunar Íslands (24 gr.).

Eitt af markmiðum fornleifaskráningar er að koma í veg fyrir að minjar verði fyrir skemmdum af gáleysi eða nauðsynjalausu. Fornleifaskráning nýtist við minjavörslu þegar ákveða á verndun á einstökum minjastöðum. Eins kemur hún að miklum notum vegna fyrirhugaðra framkvæmda. Þá er hægt að taka tillit til minjanna við skipulagsgerð og nýta þær í rannsókna eða kynningarskyni. Með fornleifaskráningu má einnig stórlega minnka líkur á að fornleifar komi óvænt í ljós við framkvæmdir sem gæti leitt til tafa á viðkomandi verki.

2.2 Skráning fornleifa

Verkefnanúmeri er úthlutað af Minjastofnun Íslands og svæðið hefur verið merkt inn á vefsíðu Minjastofnunar og skýrsla skráð þar sem og minjar sem mældar voru upp. Verkefnið fékk númerið 3173 og þar á eftir eru hlaupandanúmer rannsóknarinnar, dæmi: 3173-001. Þar sem hluti minja hefur verið skráð áður er gamla skráningarnúmerið með þar sem það á við.

3. FRAMKVÆMDARSVÆÐIÐ Í NORÐANVERÐUM ARNARFIRÐI

3.1 Borg saga

Borgar er fyrst getið í Hrafn sögu Sveinbjarnarsonar, sem talið er að hafi verið rituð um miðja 13. öld og er þar sagt frá atburðum sem gerðust fáum áratugum fyrr. Að sögn höfundar sögunnar bjó þá á Borg frænka Hrafn á Eyri, Ástríður Gunnarsdóttir. Sá hún til ferða Þorvaldar Vatnsfirðings og manna hans er þeir komu „ofan á heiðarbrún í Arnarfjarðarbotni“ í hinni fyrstu aðför Þorvaldar að Hrafn og sendi þá son sinn út að Eyri til fundar við hann „að segja honum mannaferð.“²

„Jarðadýrleiki xii c., og so tíundast 4 tíundum.“³ „Frá Dynjanda til Borgar sem er 12 Hdr. Jörð er mikið löng bæjarleið, tvær hlíðar beggja megin við Meðalnesið, meira en ein míla að lengd. Hún er ekki slæm jörð. Hennar ókostir eru helst illviðri af suðaustri, austri og norðri á fjarðarbotni. Hún er skógar og útigangsjörð.“⁴ Sléttað hefur verið yfir bæjarstæðið.

3.2 Fornleifaskráning - Borg

Númer: 3173- 001

Eldra númer: ÍS-181571-8-006

Hlutverk: Naust

Tegund: Hleðsla

Staðsetning: A: 308930, N: 592999

Lengd: 8 m

Breidd: 3 m

Ástand: Gott



Mynd 2. Naustið í landi Borgar. Tekið í A. Ljósm. MHH

Staðhættir: „Innan við árósin er slétt sandfjara og síðan nes, sem heitir Borgarnes. Við það sunnanvert var lending, sem nefnd var Narfalending. Ekkert er vitað um nafnið. Þarna hafði verið rutt skarð í fjörugrjótið. Stundum var lent í sandfjörinni sunnan við nesið. Þar var reist Naust.“⁵ Fyrir neðan bæjarstæðið er lítill vogur og í norður krika hans er grjóthlaðið naust (mynd 2).


² Kjartan Ólafsson (1999), bls. 34.

³ Árni Magnússon og Pál Vídalín (1940), bls. 11.

⁴ Sóknalýsing Vestfjarða (1952), bls. 33.

⁵ Örnefnaskrá Borgar. Ingunn Dagbjartsdóttir:1977

Minjalýsing: Hleðslur eru um 1 m á þykkt og 1.50 m á hæð. Norðan við það er hugsanlega annað naust en ekki sést móta fyrir neinum hleðslum. Innanmál naustsins er 8x3 m. Naustið er opið til sjávar.



Teikning 1. Innmæling af rúst [3173-001], strengur er rauður.

Númer: 3173-002

Eldra númer: ÍS-181571-8-007

Hlutverk: Vegur

Tegund: Samgöngubót/heimild

Staðsetning: A: 308671, N: 593383

Staðhættir „Mörgálar hét blaut rauðamýri, sem lá niður undir götur við sjó og upp undir Kvíarholt. A.G.nefnir Ála en ekki á sama stað, (innar). Ofan við Kvíarholtið var graslaut. Þar voru færíkvíar.⁶


Minjalýsing: Gömul leið liggur neðan við núverandi veg. Liggur að hluta þar sem strengur er fyrirhugaður.

Hættumat: Mikil hættu. Stengur er áformaður að hluta í veginn engin veruleg röskun á leiðinni vegna strengs

⁶ Örnefnaskrá Borgar. Ingunn Dagbjartsdóttir:1977

Viðbót við fornleifaskráningu á Borg vegna breytinga á streng í ágúst 2024

Breytingar voru gerðar á streng og áformað að leggja hann yfir bæjarhólinn. Minjavörður benti á ókosti þess og var þess vegna gerð skráning á bæjarhólnum til að hægt væri að gera sér grein fyrir umfangi bæjarhóls sem var mældur inn sem og farið í fornleifaskráningu á hólnum.



Mynd 3. Breytingar á streng frá upphaflegri áætlun, þar sem hann er áformaður á að hluta inn á bæjarhól

Númer: 3173-033

Hlutverk: Bæjarhóll

Tegund: Bæjarstæði

Staðsetning: 309175 593109

Staðhættir Í Örnefnaskrá segir „ ofan við lautina var stórt holt, sem kallað var Bæjarholt. Bærinn stóð neðan og sunnanvert við holtið[...] í túni hér Eyrivöllur, Eyrivöllur var ofar, nær fjallinu, Rétt heim við bæinn, ofna við hann, var lítill sléttur blettur nefndur Píkuflöt“⁷



Mynd 4. Bæjarstæði Borgar var síðast þar sem húsið stendur. Tekið í NA. Ljós MHH

Minjalýsing: Öll hús hafa verið sléttuð á bæjarhól Borgar. Samkvæmt heimildarmanni⁸ stóð bærinn síðast þar sem í dag eru hesthús frá Mjólkárverkjun. Greina má eina litla ofan og til hliðar við hesthúsið en þar í rústinni [035] er rabbbaragarður í dag . Í holtinu má sjá grjót sem gæti verið eftir byggingar sem hafa verið þar áður. Greina má gamlan túngarð [034] umhverfis heimatúnið. Bæjarhóllinn með því sem áætlað er innan túngarðs er um 630 m í ummál. Þvermál yfir þar sem bærinn stóð milli túngarðs er 124 m. Borg er gamall bær og hefur hann auðveldlega hafa staðið á ýmsum stöðum í gegn um tíðina en líklega innan gamla túngarðsins [034]

Hættumat: Mikil Hætta

Númer: 3173-034

Hlutverk: Túngarður

Tegund: Garðlag

Staðsetning: 309101 5936140

Staðhættir Í kring um túnið á Borg hefur verið túngarður. Hann er hægt er að sjá hann á tveimur stöðum í kring um túnið en hann er horfin að hluta vegna skurðar sem tekur hann í sundur og túnasléttunar.

Minjalýsing: Garðurinn er í tveimur hlutum í boga sem liggur norðan við bæjarstæðið. Annar er 60 m og liggur austan við bæjarhólinn og í norður en hann er núna á kafi í

⁷ Örnefnaská (1977) Borg. Ingun Dagbjartsdóttir


⁸ Munnleg heimild Hreinn Þórðarson.

skógrægt og sést mjög illa. Síðan hefur hann horfið í skurð á norður af bæjarstæðinu en kemur svo inn á túnið aftur og liggur frá Norðri suður túnið. Það sér í grjót á tveimur stöðum á garðinum annars er hann gróinn. Hann er um 2 m á breidd og sést á tveimur hlutum, annar er 86 m og hinn er 60 m. Það eru því um 146 m eftir að garðinum, En skógræktin hefur samt skemmt um 60 m í dag [2024]

Hættumat: Mikil hættu.



Mynd 5. Gömul loftmynd af Borg en hér sést garðurinn vel en sá hluti sem er hægra megin á myndinni er í dag horfin í skógrægt. Norður er upp. Myndin er frá loftmyndasafni Landmælinga.



Mynd 6. Túnakort af Borg. Líklega frá 1918-1924. Teiknað af Jóni Þórarinssyni.
Mannal.is

Númer: 3173-035

Hlutverk: Óþekkt


Tegund: Rúst

Staðsetning: 309224 593145

Staðhættir Um 50 m NA af bæjarstæðinu þar sem nú standa hesthús er lítill rúst

Minjalýsing: Rústin er 6x 5 m að stærð og sést á mynd 5, en í dag er þar rabarbari þannig að hleðslur sjást illa en eru þó til staðar.

Hættumat: Mikil hætta.



Mynd 7. Innmæling af rúst 035. Loftmynd. Loftmyndir ehf.



Mynd 8. Ekkert sér í hleðsluna vegna rabarbara sem plantað hefur verið í rústina. Tekið í N. Ljós MHH

Númer: 3173-036

Hlutverk: Fjárhús/hlaða


Tegund: Heimild/ niðurgröftur hleðsla

Staðsetning: 309129 593030


Staðhættir Suður af þeim stað er bærinn stóð síðast og í dag stendur hesthús, er á túnakorti⁹ merkt fjárhús og hlaða. Á sama stað má greina niðurgröft og mikið af grjóti sem líklega hefur tilheyrt þessu fjárhúsi sem hefur staðið þegar túnakortið er gert á öðrum áratug síðustu aldar.

Minjalýsing: Niðurgröfturinn var mældur inn og var 8 m á lengd og 7 m á breidd en allt í kring í hárri sinu og grasi mátti fyrira fyrir gjóti.

Hættumat: Engin hætta



Mynd 9. Innmæling af niðurgrefti [036]. Loftmynd. Loftmyndir ehf.



Mynd 10. Steinar á svæðinu sem mögulega hafa tilheyrt bygginguni. Myndin er tekin í S. Ljósmynd MHH

⁹ Jón Þórarinnsson [ártal vantar] Túnakort Borg. Manntal.is

Númer: 3173-037


Hlutverk: Fjárhús/rétt?

Tegund: Heimild

Staðsetning: 309145,593009

Staðhættir Um 23 m SA af fjárhúsi [036] er stór steinn. Á gamalli loftmynd má sjá greinilega hleðslu og hefur steinninn verið hluti af byggingu eða rétt. Í dag er má finna fyrir grjóti undir sverði hleðslan sést ekki fyrir grasi og sinu.

Minjalýsing: Samkvæmt gamalli loftmynd hefur mannvikið verið 10 m á lengd og 8 m á breidd.



Mynd 11. Innmæling af réttinni. Loftmynd. Loftmyndir ehf.

Mögulega er þetta hús það sama og teiknað er inn á túnakort ¹⁰

Hættumat: Engin hætta

3.3 Rauðsstaðir saga

Í *Jarðabók Árna og Páls segir* um dýrleika Rauðsstaða; "Jarðardýrleiki xii c., og so tíundast 4 tíundum."¹¹ "Frá Borg að Rauðsstöðum, fyrir hinn norðari fjarðarbotn, er stutt bæjarleið. Sú jörð er 4 Hdr. Að dýrleika, ein bezta jörð áður eftir hundraðahæð, og engin tólf hundraða jörð eins góð engjalsægjum. Tún er þar lítið, á hvert árlega rennur aurskriður, rétt í kring um bæinn. Engjar eru líka töluvert minnkaðar af sömu orsök. Mesta veðrajörð er þar af norðri, svo menn á milli mega sitja inni og geta ei unnið að heyi. Skógur er þar nægur, og móðskaflar á vetrum verða oft sauðkindum að tjóni."¹²

¹⁰ Jón Þórarinnsson [ártal vantar] Túnakort Borg. Manntal.is

¹¹ Árni Magnússon og Pál Vítalín (1940), bls. 11-12, bindi VII.

¹² *Sóknalýsing Vestfjarða II*(1952), bls. 33,

Rauðsstaðir fóru í eyði árið 1936¹³ en bærinn stóð skammt frá sjó rétt utan við norðurhorn fjarðarbotnsins. Að fornu mati voru Rauðsstaðir 12 hundruð að dýrleika og Skjaldfönn, sem féll undir Rauðsstaði á 16. öld, önnur 12 hundruð (sjá Borg). Á síðustu öld var jörðin hins vegar aðeins metin á fjögur hundruð¹⁴ og munu landspjöll hafa valdið.

Séra Sigurður Jónsson tekur fram í ritgerð sinni frá árinu 1839 að fyrrum hafi engin tólf hundraða jörð í prestakallinu jafnast á við Rauðsstaði að engjaslægjum og hér hafi verið „ein bestu slægjulönd fram eftir Firðinum“ og „skógarland gott uppi í hlíðum“ Seinna var því trúað að á Rauðsstöðum hefði á fyrri tímum verið „tólf karla engi“ og aðeins þrjár jarðir á öllum Vestfjörðum átt þvílíkt slægjuland. Árið 1839 voru menn hins vegar farnir „að taka í eftirþanka“ hvort hér væri búandi vegna skriðufalla. Um 1440 voru Rauðsstaðir ein af fjölmörgum jarðeignum Guðmundar ríka Arasonar.¹⁵

3.4 Fornleifaskráning - Rauðsstaðir

Númer: 3173-003

Hlutverk: Túngarður

Tegund: Garðlag

Staðsetning: A: 307845, N: 593949

Lengd: 41 m

Breidd: 2 m

Ástand: Slæmt

Staðhættir: Neðan við þjóðveginn sem liggur út að Hrafnseyri, á eyri beint niður af Rauðsstöðum er garðlag.

Minjalýsing: Garðurinn hefur farið undir veginn og hefur örugglega verið lengri. Það sem er eftir af honum eru 41 m á lengd og 2 m á breidd.

Hættumat: Er nálægt en strengur verður lagður í vegfláa þar sem garðurinn er þegar raskaður




Mynd 12. Garðurinn neðan við veginna. Loftmynd. Google Maps n.d..

¹³ Kjartan Ólafsson (1999), bls. 17

¹⁴ J. Johnsen (1847), bls. 191.

¹⁵ D.I. (1265-1449), bls. 691, bindi IV.



Teikning 2. Innmæling af garðlagi [3173-003].

Númer: 3173-004

Hlutverk: Leið

Tegund: Heimild

Staðhættir: „Grund innan við Ytribakka heitir Sjávargrund. Innst á henni var lending. Innan við hana er klettur, sem nefndur er Rauðsstaðabryggja eða Bryggjuklettur. Innan við hana er vílk, sem heitir Merarbót. Vegurinn frá lendingunni heim að túni nefndist Sjávar- eða Sjóarvegur, og venjulega var komið þarna heim að bænum, fremur en Sneiðingana.“¹⁶

Minjalýsing: Leiðin sést ekki lengur.

Númer: 3173-005

Eldra númer: ÍS-181572-9-005

Sérheiti: Sjóarvegur

Hlutverk: Samgöngubót

Tegund: Heimild

¹⁶ Örnefnaskrá Rauðsstaða. Ari Gíslason [ártal vantar]

Staðsetning: A: 307731, N: 593949

Staðhættir: „Grund innan við Ytribakka heitir Sjávargrund. Innst á henni var landing. Innan við hana er klettur, sem nefndur er Rauðsstaðabryggja eða Bryggjuklettur. Innan við hana er vík, sem heitir Merarbót. Vegurinn frá landingunni heim að túni nefndist Sjávar- eða Sjóarvegur, og venjulega var komið þarna heim að bænum, fremur en Sneiðingana.“¹⁷

Minjalýsing: Horfið undir veg.

Númer: 3173-006

Eldra númer: ÍS-181572-9-025

Hlutverk: Naust

Tegund: Rúst

Staðsetning: A: 307196, N: 593727

Lengd: 4 m

Breidd: 3 m

Ástand: Sæmilegt


Staðhættir: Við Grjóteyri rétt við Grjótá er

vetrarvegur. Neðan þjóðvegarins, sunnan við, má sjá naust. Naustið er 16 m austur af Grjótá Rauðsstaða megin

Minjalýsing: Naustið er 2x4 m að stærð og má sjá í hleðslur en annars er naustið vel gróið.



Mynd 13, Naustið rétt við þjóðveginn og vetrarveginn. Tekið í suður. Ljósm. MHH



Teikning 3. Teikning af nausti [3173-006].

¹⁷ Örnefnaskrá Rauðsstaða. Ari Gíslason [ártal vantar]

Númer: 3173-007

Hlutverk: Naust

Tegund: Hleðsla

Staðsetning: A: 307002, N: 593605

Lengd: 12 m

Breidd: 7 m

Ástand: Slæmt

Staðhættir: Á Grjóteyri vestan við Grjótá,


alveg fast við veginn er rúst



Mynd 14. Naust [3173-007] á Grjóteyri. Tekið í suður.
Ljósm. MHH.

Minjalýsing: Hleðslan sem er mjög ógreinileg og eru veggir breiðir og grónir. Líklega er um að ræða naust enda er rústin alveg við sjóinn og opin til hafs. Utan mál hennar eru 7 m á breidd og 12 m á lengd. Veggir eru um 30 cm á hæð.

Hættumat: Strengur fer yfir og þarf að hnika til streng að öðrum kosti þarf að fara í viðeigandi mótvægisáðgerðir.



Mynd 15. Naust [3173-006] og [3173-007]. Loftmynd Google Maps n.d.. Norður er upp.

Númer: 3173-008

Hlutverk: Naust

Tegund: Rúst

Staðsetning: A: 307012, N: 593603

Lengd: 6 m

Breidd: 4 m

Ástand: Mjög slæmt

Staðhættir: Rétt neðan við naust [3173-007] er annað minna naust alveg við sjóinn

Minjalýsing: Naustið er niðurgrafið með lágum veggjum úr torfi, var fullt af vatni. Stærð þess er 4x 6 m og veggir um 20 cm á hæð.



Mynd 16. Minna naustið neðan við [3173-007] tekið í suður. Ljósm. MHH

3.5 Hjallkárseyri saga

Í Landnámu er getið um þrælinn Hjallkár sem Ánn Rauðfeldur á Eyri í Arnarfirði gaf frelsi¹⁸. Bendir það til þess að Hjallkárseyri hafi verið í byggð þegar Landnáma var rituð á 12. öld. Jarðardýrleiki jarðarinnar var að fornu mati 12 hundruð að dýrleika.¹⁹ Í Jarðabók Árna og Páls Víталín sem rituð var í Arnarfirði árið 1710 er greint frá því að skógur jarðarinnar sé þrotinn en hann hafði verið á sjálfri jörðinni og notaður til kolagerðar og eldiviðar²⁰. Skógarítak jarðarinnar er við landamerki Rauðsstaða og Borgar og kallast það Hjallkárseyrartúngur en er mjög eytt. Skriður eru til mikils skaða jörðinni og hafa spillt túnnum og bænum hætta búinn af miklu grjóthruni. Útræði var frá jörðinni en hafði brugðist í nokkur ár árið 1710²¹

„Álftamýrarkirkja mun hafa eignast Hjallkárseyri á árunum upp úr 1400, líklega í svarta dauða eða mjög skömmu síðar. Kirkjan átti jörðina enn á fyrri hluta síðustu aldar en árið

¹⁸ Landnáma Sótt <https://www.snerpa.is/net/snorri/landnama.htm>

¹⁹ Árni Magnússon og Pál Víталín (1940), bls. 12-13, bindi VII.

²⁰ Árni Magnússon og Pál Víталín (1940), bls. 12-13, bindi VII.

²¹ Árni Magnússon og Pál Víталín (1940), bls. 12-13, bindi VII.

1901 bjó hér sjálfseignarbóndi. Á 15. öld urðu landsetar kirkjunnar, sem hér bjuggu, að róa á skipi prestsins á vorin en í byrjun 18. aldar hafði þeirri kvöð verið létt af. Réttar til hrísrifs í skógarreit kirkjunnar í Arnarfjarðarbotni virðast þeir sem hér bjuggu hafa notið um aldir. Á síðari öldum var nær alltaf einbýli á Hjallkárseyri en hér bjuggu þó tveir bændur árið 1681 og líka 1710²². Síðast ábúandinn flutti frá Hjallkárseyri árið 1992²³

²² Kjartan Ólafsson (1999), bls. 36.

²³ Kjartan Ólafsson (1999), bls. 36.

3.6 Fornleifaskráning - Hjallkárseyri

Númer: 3173-009

Eldra númer: ÍS-181573-10-001

Hlutverk: Býli/Bæjarstæði

Tegund: Bæjarhóll

Staðsetning: A: 303753, N: 591765

Staðhættir: 110 m frá sjó rétt suður af þjóðveginum um Arnarfjörð er bæjarhóll Hjallkárseyrar. Bærinn hefur staðið á eyri sem ekki er stór. Talið er að gamli bærinn hafi staðið ofarlega á eyrinni þar sem síðasti bærinn, sem fór í eyði árið 1992, stóð²⁴ (mynd 17).

Minjalýsing: Leifar frá síðasta bænum sem stóð á Hjallkárseyri til 1992 hafa nú verið rifnar og fjarlægðar. Nokkuð má sjá af rústum útihúsa á og við bæjarhólinn og eru þau hús greinilega nokkuð mis gömul. Vegna lítils pláss á bæjarhólnum er líklegt að mikið af minjum hafi verið fjarlægðar í tímann rás, við byggingu nýrra húsa, og greinilegt að bæjarhóllinn hefur verið sléttaður



Mynd 17. Bæjarhóll Hjallkárseyrar. Fyrir neðan síðust bærinn á Hjallkárseyri um 1980. Ljósmynd efri MHH tekið í A. Neðri skjáskot úr Stikluþætti Ómars Ragnarssonar.

algjörlega eftir að síðasti ábúandi Ekki er hægt að sjá mikið af leifum bæja nema þeim húsum sem síðasti ábúandi bjó í. Þó má greina þústir á miðjum bæjarhólnum þar sem greinilega er grjót undir sverði og líklegt að þarna sé um að ræða byggingar. Bæjarhóllinn

²⁴ Kjartan Ólafsson (1999), bls. 36.

er um 100x100 m á stærð og er ekki mjög hár. Engar minjar á bæjarhólnum eru í hættu enda liggur strengur í vegi.

Númer: 3173-010

Hlutverk: Óþekkt/naust

Tegund: Rúst

Staðsetning: A: 306314, N: 593432

Lengd: 19 m

Breidd: 8 m

Ástand: Mjög slæmt

Staðhættir: Um 600 m vestur af Grjóteyri þar sem náma Dýrafjarðagangna var á litlum grasbala rétt neðan við vegin er rúst af nausti.

Minjalýsing: Naustið er stórt og nær alveg að veginum það er með þykkum veggjum og mjög útflöttum og greinilega gamalt. Veggir eru um 3 m á breidd þar sem þeir eru breiðastir á austurhlið en Naustið er 19 m á lengd og 8 m á breidd. Veggir eru um 40 cm á hæð.



Mynd 18. Rúst sem er að öllum líkindum naust. Tekið í S. Ljósm. MHH



Mynd 19 Innmæling á rústinni. Loftmynd. Google Maps n.d...

Númer: 3173-011**Sérheiti:** Óskarsel**Hlutverk:** Býli/Sel**Tegund:** Rúst**Staðsetning:** A: 305487, N: 592859**Lengd:** 14 m**Breidd:** 10 m**Ástand:** Slæmt

Staðhættir: Á miðri hlíðinni er Óskarsel en þar byggði „einn fátækur maður“ sér hús, endur fyrir

löngu, líklega um 1600 eða snemma á 17. öld, og hafðist þar við í tvö ár, ásamt eiginkonu sinni. Síðan þá hefur enginn sest að í Óskarseli²⁵.

Minjalýsing: Nokkrar mjög ógreinilegar rústir eru í Óskarseli, þessi sem hér er lýst er lengst í austur á rústasvæðinu. Rústin er tvö hólfg og er hún 14x 10 m að stærð og veggir eru mjög ógreinilegir en sjást vel á þrívíddarmyndum.



Mynd 20. Innmæling á rústinni. Loftmynd. Googl Maps n.d..

Númer: 3173-012**Hlutverk:** Óþekkt /naust ?**Tegund:** Rúst**Staðsetning:** A: 305462, N: 592841**Lengd:** 13.5 m**Breidd:** 11.5 m**Ástand:** Slæmt

Staðhættir: Um 13 metra frá [3173-011]

er önnur rúst. Sú rúst er flöng og er tvö hólfg.


Minjalýsing: Rústin er tvö hólfg og er hún

13.5x11,5 m. Veggir eru um 50 cm á hæð þar sem þeir eru hæstir. Hólfin eru flöng og liggja samsíða.



Mynd 21. Rústin við flæðamálið. Gæti verið naust fyrir 2 báta

²⁵ Kjartan Ólafsson (1999), bls. 36.



Mynd 22. Uppmæling á rúst [3173-012] Loftmynd. Google Maps n.d..

Númer: 3173-013

Hlutverk: Óþekkt

Tegund: Rúst

Staðsetning: A: 305432, N: 592831

Lengd: 18 m

Breidd: 12 m

Ástand: Slæmt

Staðhættir: Um 17 m vestur af rúst [3173-012] í Óskarseli er þriðja rústin á svæðinu



Mynd 23. Rústin [3173-013] tekið í suður. Ljós. MHH

Minjalýsing: Rústin er þrjú hólf og liggja tvö þeirra samsíða og virðist eitt vera aftan við. Lengd rústar er 18 m og breidd um 12 m. Hæð veggja er um 20 cm.



Mynd 24. Innmæling á rúst [3173-013] Loftmynd. Google maps.

Númer: 3173-014

Hlutverk: Naust

Tegund: Rúst

Staðsetning: A: 305340, N: 592757

Lengd: 18 m

Breidd: 12 m

Ástand: Slæmt

Staðhættir: Um 100 m austur af rústunum á Óskarseli neðan við vegin er naust.

Minjalýsing: Naustið er neðan við vegin og nær alveg niður að flæðamálinu. Naustið er 18 m á lengd og 12 m á breidd og er opið í SA.



Mynd 25. Innmæling af naustinu. Loftmynd. Google maps.

Númer: 3173-015**Eldra númer:****Hlutverk:** Óþekkt**Tegund:** Rústabunga**Staðsetning:** A: 304394, N: 592038**Lengd:** 12 m**Breidd:** 9 m**Ástand:** Mjög slæmt

Mynd 26. Á smá landræmu má greina þúst sem líklega eru rúst af byggingu. Tekið í suðvestur. Ljós. MHH

Staðhættir: Milli Óskarsels og Gljúfrá ekki langt frá örnefninu Ásgrímsseli eru þrjár rústir á lítilli eyri sem líklega ber nafnið Selnes. Í bókinni Firðir og fólk segir „Á miðri hlíðinni er Óskarsel en þar byggði „einn fátækur maður“ sér hús, endur fyrir löngu, líklega um 1600 eða snemma á 17. öld, og hafðist þar við í tvö ár, ásamt eiginkonu sinni. Síðan þá hefur enginn sest að í Óskarseli. Nokkru utar er *Ásgrímssel* og gátu menn vísað þar á gamlar seltóttir fyrir fáum áratugum. Þar heitir Selnes við sjóinn en ofan við tóttirnar er besta haglendið á allri hlíðinni. Ásgrímssel er ofan við veginn. Skriðan mikla utan við þá grasteiga heitir Illaskriða en gilið í fjallinu, ofan við hana, Rauðagil“²⁶ Allar rústirnar eru illgreinanlegar en þeim verður lýst í röð frá austri til vesturs.

Minjalýsing: Erfitt er að greina vegg rústarinnar en greinileg rústabunga er neðan við veginn með smá dæld.



Mynd 27. Uppmæling af rúst [3173-015]. Loftmynd. Google maps.

²⁶ Kjartan Ólafsson (1999), bls. 36.

Númer: 3173-016**Eldra númer:** ÍS-151873-10-008**Hlutverk:** Naust**Tegund:** Rúst**Staðsetning:** A: 304363, N: 592032**Lengd:** 11 m**Breidd:** 8 m**Ástand:** Sæmilegt**Staðhættir:** Milli Óskarsels og Gljúfrá ekki langt frá Örnefninu Ásgrímsseli eru


Mynd 28. Naust í landi Hjallkárseyrar. Tekið í suðvestur. Ljós MHH

þrjá rústir á lítilli eyri sem líklega ber nafnið Selnes. Í bókinni *Firðir og fólk* segir „Á miðri hlíðinni er Óskarsel en þar byggði „einn fátækur maður“ sér hús, endur fyrir löngu, líklega um 1600 eða snemma á 17. öld, og hafðist þar við í tvö ár, ásamt eiginkonu sinni. Síðan þá hefur enginn sest að í Óskarseli. Nokkru utar er *Ásgrímssel* og gátu menn vísað þar á gamlar seltóttir fyrir fáum áratugum. Þar heitir Selnes við sjóinn en ofan við tóttirnar er besta haglendið á allri hlíðinni. Skriðan mikla utan við þá grasteiga heitir Illaskriða en gilið í fjallinu, ofan við hana, Rauðagil“²⁷ Allar rústirnar eru illgreinanlegar en þeim verður lýst í röð frá austri til vesturs.

Minjalýsing: Þriðja rústin og sú austasta er greinilegust og má sjá í hleðslur á henni.

Rústin er 11 m á lengd og 8 m á breidd.

Vegurinn hefur verið lagður yfir hana að hluta þegar hann var gerður. Veggirnir eru mjög útflattir og eru um 3 m á þykkt og sér í grjóti í veggjum



Teikning 4. Teikning af naustinu. Teikn MHH

²⁷ Kjartan Ólafsson (1999), bls. 36.

3.7 Gljúfrá á saga

Eyðibýlið Gljúfrá var að fornu mati 18 hundraða jörð.²⁸ Á fyrri hluta 15. aldar var Gljúfrá ein hinna mörgu jarða sem Guðmundur ríki Arason átti á Vestfjörðum. Hún var ásamt fleiri jörðum dæmd undir Konung árið 1446.²⁹ Í jarðabók Árna Magnússonar og Páls Víталín er Gljúfrá lýst sem 18 hundraða jörð. Bústofn er í meðallagi en hlunnindi eins og skógur til kolagerðar, silungs og selveiði virðast vera að þverra og skriður valda ábúanda vanda en bæjarhús hafa sloppið³⁰

Á átjándu öld og fyrstu áratugum hinnar nítjándu var oftast tvíbýli á Gljúfrá. Þegar manntal var tekið árið 1762 hafði Ingibjörg Jónsdóttir þó alla jörðina til ábúðar. Eiginmaður hennar og dóttir af fyrra hjónabandi, þau Ívar Jónsson og Ólöf Jónsdóttir, höfðu þá verið dæmd til dauða fyrir sífjaspell en beðið var eftir niðurstöðu hæstaréttar.

Ívar Jónsson og Ólöf Jónsdóttir eru líklega þekktustu ábúendur Gljúfrá. Ívar var fósturfaðir hennar og átti með henni barn. Þau báru út barnið og voru í kjölfarið tekin af lífi árið 1763. Móðir stúkunnar og eiginkona mannsins Ingibjörg Jónsdóttir bjó áfram á Gljúfrá.³¹ Búið var á Gljúfrá til 1943.³²



Mynd 29. Uppmæling á neðra býlinu á Gljúfrá. Drónamynd GG.

²⁸ Árni Magnússon og Pál Víталín (1940), bls. 12-13, bindi VII.

²⁹ Kjartan Ólafsson (1999), bls. 36.

³⁰ Árni Magnússon og Pál Víталín (1940), bls. 12-13, bindi VII.

³¹ Kjartan Ólafsson (1999), bls. 36.

³² Kjartan Ólafsson (1999), bls. 36.

3.8 Fornleifaskráning - Gljúfrá

Númer: 3173-017

Eldra númer: ÍS-181574-11-001

Hlutverk: Býli

Tegund: Rústir

Staðsetning: A: 301709, N: 591977

Staðhættir Rétt fyrir neðan Þjóðveginn vinstra megin við Gljúfrá eru rústir. Líklega er um að ræða annað að þeim tveimur býlum sem vitað var um að höfðu verið á Gljúfrá. Í bók sinni *Firðir og fólk* segir Kjartan Ólafsson „Á átjándu



Mynd 30. Neðra býlið á Gljúfurá. Tekið í suður. Ljósmynd. MHH

öld og fyrstu áratugum hinnar nítjándu var oftast tvíbýli á Gljúfrá. Þegar manntal var tekið árið 1762 hafði Ingibjörg Jónsdóttir þó alla jörðina til ábúðar. Eiginmaður hennar og dóttir af fyrri hjónabandi, þau Ívar Jónsson og Ólöf Jónsdóttir, höfðu þá verið dæmd til dauða fyrir sífjaspell en beðið var eftir niðurstöðu hæstaréttar. Hitt býlið á Gljúfrá er fyrir ofna Gljúfráfoss.“³³

Minjalýsing: Veggir rústarinnar eru áberandi háir eða 1.70 m þar sem þeir eru hæstir. Þrjú rými eru á bænum, eitt er þó töluvert hrúnið en hin standa vel. Utanmál rústarinnar er 16 m á breidd og 8 m á lengd. Fyrir framan rústina má sjá kálgarð [3173-018].

Númer: 3173-018

Eldra númer: ÍS-181574-11-003

Hlutverk: Garðlag


Tegund: Kálgarður

Staðsetning: A: 301709, N: 591974

Lengd: 16m

Breidd: 8 m

Ástand: Slæmt



Teikning 5. Kálgarður framan við bæinn. Norður er upp.

³³ Kjartan Ólafsson (1999), bls. 36.

Staðhættir: Rétt fyrir neðan Þjóðveginn vinstra megin við Gljúfrá eru rústir. Telur heimildarmaður, Valdimar Gíslason, að þetta séu rústir fjárhúss og kálgarðs frá Gljúfrá. Minjunum svipar til rústa á bæjarstæði Rauðstaða þar sem kálgarður er fyrir framan bæ en það var nokkuð algengt á 19.öld.

Minjalýsing: Kálgarðurinn er aðeins um 2 m frá rústinni [3173-017] og er stærð hans 8x16 m. Hæð veggja er um 50 cm.

Númer: 3173-019

Eldra númer: ÍS-181574-11-004

Hlutverk: Garðlag

Tegund: Túngarður

Staðsetning: A: 301752, N: 591990


Lengd: 81 m

Breidd: 2 m

Ástand: Slæmt

Staðhættir: 7 metrar frá streng

Um 30 m austur frá rústinni [3173-017] má sjá hluta af túngarði.



Teikning 6. Túngarður býlisins. Loftmynd.

Minjalýsing

Garðurinn er líklega er stór hluti garðsins horfinn. Garðurinn er mjög sokkinn og gróinn en þó má enn sjá í grjót á stöku stað. Garðurinn er 81 m á lengd og er í hálfhring en líklega er vesturhlið hans horfin.

Númer: 3173-020

Hlutverk: Óþekkt/útihús

Tegund: Rúst


Staðsetning: A: 301735, N: 591974

Lengd: 9,5 m

Breidd: 7 m

Ástand: Slæmt

Staðhættir: Innan túngarðs við hliðina á kálgarðinum er lítil rúst og frekar ógreinileg.



Teikning 7. Lítil rúst innan túngarðs.

Minjalýsing: Rústin er 9,5 m að lengd og 7 m á breidd og er um 20 cm á hæð og er opin til austurs.

Númer: 3173-021

Hlutverk: Aðhald

Tegund: Hleðsla

Staðsetning: A: 301729, N: 591937


Lengd: 15 m

Breidd: 16 m

Ástand: Slæmt

Staðhættir: Nokkru framan við bæinn og alveg við túnarðinn sem hefur afmarkað heimstúnið er má greina ógreinilega ferkantaða hleðslur sem líklega hefur verið aðhald jafnvel náttthagi fyrir kindur.

Minjalýsing: Um er að ræða hleðslur sem er 16x15 m að stærð og um 20 cm á hæð. Ferköntuð hleðsla og ekki sér í neina opnun.



Teikning 8. Aðhald neðan við býlið.

Númer: 3173-022

Hlutverk: Óþekkt

Tegund: Þúst

Staðsetning: A: 301777, N: 591986

Lengd: 18 m

Breidd: 12 m

Ástand: Slæmt

Staðhættir: Rétt utan við túngarðinn sem umlykur bæinn er þúst sem er grónari en umhverfið í kring. Þetta gæti beint til að þarna hafi einhvern tímann staðið bygging

Minjalýsing: Þústin er aðeins upphækkuð og vel gróinn og er 18x 12 m að stærð.

3.9 Karlsstaðir saga

Í öndverðu munu Karlsstaðir hafa byggst úr landi Hrafnseyrar en þeir urðu snemma sjálfstæð bújörð, 12 hundruð að dýrleika að fornu mati. Hennar er fyrst getið í máldaga Hrafnseyrar kirkju frá árinu 1363 en kirkjan átti jörðina allt þar til langt var liðið á nítjándu öldina³⁴. Á árunum kringum 1800 bjuggu hér á Karlsstöðum hjónin Hrólfur Þórðarson og Helga Jónsdóttir. Árið 1801 var hann orðinn 73ja ára gamall en Helga kona hans var tuttugu árum yngri. Hafi hjón þessi eignast börn virðast þau ekki hafa komist upp en einn son, Hrólf Hrólfsson, sem fæddist árið 1790 eða því sem næst, eignaðist Hrólfur bóndi fram hjá konu sinni og ólst drengurinn upp hjá föður sínum á Karlsstöðum.³⁵

Strengurinn liggur við veginn ofan við rústir bæjarins Karlsstaða en hann nær samt ekki að hafa áhrif á þær rústir sem sjást á yfirborði. Líklegt er að eitthvað af minjum hafi farið undir veginn þegar hann var lagður á sínum tíma en þar sem strengur er áformaður í vegfyllingu mun hann ekki hafa áhrif á þær minjar sem kunna að vera þar.

³⁴ Kjartan Ólafsson (1999), bls. 42.

³⁵ Kjartan Ólafsson (1999), bls. 42.

3.10 Hrafnseyri saga

Fyrr á öldum var Eyri við Arnarfjörð, sem nú heitir Hrafnseyri, eitt helsta höfðingjasetur á Vestfjörðum og síðar jafnan talin mesta bújörðin á norðurströnd fjarðarins. Á 15. öld var jörðin virt á eitt hundrað hundraða⁵ en síðar á 60 hundruð, með öllum hjáleigum.⁶ Árið 1710 voru fimm hjáleigur í byggð hér á Hrafnseyri. Elstar þeirra voru Efrihús, er þá voru sögð byggð „fyrir manna minni í heimatúninu“, og að líkindum Neðrihús sem voru út og niður frá heimatúninu Hinar þrjár voru: Bæli sem byggðist um miðja 17. öld, Rani sem byggðist skömmu fyrir 1670 og Sjávarhús sem reist voru um 1700. Séra Böðvar Bjarnason, er hér var prestur á árunum 1901–1941, hefur gert grein fyrir hvar hjáleigurnar stóðu. Fjórar af þessum hjáleigum voru enn í byggð árið 1753 en eftir 1760 virðast þær aldrei hafa verið fleiri en tvær, Bæli og Rafnseyrarhús sem áður hétu Neðrihús. Árið 1805 bjuggu tveir bændur í Bæli en sú hjáleiga féll í eyði fyrir 1816. Á Rafnseyrarhúsum, sem töldust vera 12 hundruð að dýrleika, var hins vegar búið allt til ársins 1903 og síðan átti þar heima húsfolk í nokkur ár³⁶. Víðfrægastur allra heimamanna á Eyri, fyrir daga Jóns Sigurðssonar, er án efa Hrafn Sveinbjarnarson sem bjó hér á síðari hluta tólftu aldar og í byrjun hinnar þrettándu. Hann var þá mestur höfðingi á Vestfjörðum og lækningar hans rómaðar víða. Hrafn var goðorðsmaður og munu flestir bændur á svæðinu frá Stigahlíð að Vatnsfirði hjá Barðaströnd hafa verið í þingi með honum.³⁷

³⁶ Kjartan Ólafsson (1999), bls. 44.

³⁷ Sturlunga 373.383.384

3.11 Fornleifaskráning - Hrafnseyri

Númer: 3173-023

Hlutverk: Naust


Tegund: Rúst

Staðsetning: A: 296349, N: 591755

Lengd: 6 m

Breidd: 4,5

Staðhættir: Rétt neðan við þjóðveginn, neðan við austurenda túnsins á Hrafnseyri er, þar sem gamla leiðinn að Hrafnseyri lág um Afglapastíg eru naust.



Teikning 9. Lítið naust neðan við Hrafnseyri ekki langt frá Afglapastíg. Loftmynd. Google.

Minjalýsing: Naustið er mjög ógreinilegt og mikill vatnsagi undan veginum þarna sem hefur gert djúpar rákir sem líkjast fleiri hólfum við hliðanna.

Númer: 3173-024

Hlutverk: Óþekkt/fjárborg/ hlað

Tegund: Þúst/heimild


Staðsetning: A: 295372, N: 591762

Lengd: 10 m

Breidd: 10 m

Ástand: horfið

Staðhættir: Um 14 metra frá naustunum við Afglapastíg til austurs er mjög græn þúst. Á elstu loftmyndum frá Hrafnseyri frá því um síðari heimsstyrjöld sést það þar hefur verið hringlaga rúst sem mögulega hefur haft hlið.



Mynd 31. Hringlaga rúst líklega fjárborg eða hlað má sjá á loftmynd sem tekin var 1954 en er hofið með öllu í dag. Loftmynd Landmælingar.

Minjalýsing: Hugsanlega hefur þetta verið fjárborg, hringlaga fjárborgir eru algengar á Vestfjörðum og kallast þar

hlað. Þústin sem er líka hringlaga er mjög græn sem bendir til þess að mikil næring sé í jarðvegi sem styður að um fjárborg hafi verið að ræða. Þústin er 10x10 í þvermál og á ljósmynd virðist vera timbur hlið til austurs.

Númer: 3173-025**Sérheiti:** Afglapastígur**Hlutverk:** Leið**Tegund:** Samgöngubót**Staðsetning:** A: 296432, N: 591784**Lengd:** 219 m**Breidd:** 1-2 m**Ástand:** Slæmt á köflum


Staðhættir: Böðvar Bjarnason prestur á Hrafnseyri segir svo frá „ Kippkorn fyrir utan Arnarbæli gengur lítill eyri fram í sjóinn. Hún heitir Fagureyri. Rétt fram af henni er lítið sker sem heitir Fagurbjarnarsker. Vegurinn eftir Hrafnseyrarhlíð liggur meðfram sjónum. Kippkorn fyrir utan Fagureyri liggur

heimreiðargata að Hrafnseyri sniðhalt upp bakkann. Heitir sú sniðgata Afglapastígur. Sagt er að þar hafi í fornöld verið drepinn þræll, sem Afglapi var nefndur. Önnur daga segir, að þegar Þorvaldur Vatnsfirðingur fór að Hrafn Sveinbjarnarsyni, hafi piltur verið sendur frá Hjalldálsseyri til Hrafnseyrar til þess að segja frá för Þorvalds. Hafi Þorvaldur og menn hans sótt förin fast og náð piltinum í Afglapastígnum og drepinn hann þar, Nafn pilsins er ekki getið.³⁸

Minjalýsing: Stígurinn er greinilegur og liggur meðfram sjónum og er að koma upp að Hrafnseyri þar sem hann er rofin af núverandi vegi.



Mynd 32. Gata sem lág með sjó og að Hrafnseyri og var kölluð Afglapastígur og er enn greinileg.



Teikning 10. Teikning af Afglapastíg [3173-025].

³⁸ Footnote: Böðvar Bjarnason (1961), bls. 14.

Númer: 3173-026

Sérheiti: Sjávarhús

Hlutverk: Býli

Tegund: Heimild

Staðsetning: A: 296023, N: 591623

Ástand: Horfið ?

Staðhættir: Í bók Böðvars Guðmundssonar *Hrafnseyri* frá 1961 segir „Sigurður Hallson hefur leyft að byggja Sjávarhús, Hallur faðir hans Rana og Bæli. Efrihús og Neðrihús hafa sennilega verið byggð í embættistíð Jóns Erlendssonar [...] *Sjávarhús* voru á tanganum rétt fyrir utan báta naustin við sjóinn. Sjást þar leifar af húsarústum. Hjáleigu þessari fylgdi um skeið svonefnd Undirtún. Á tanga þessum eru nú geymsluhús og má setja þar inn bát. Hjáleigur þessar eru nú allar lagðar niður, Rani, Efrihús og Sjávarhús voru lögð niður í tíð séra Hallgríms Jónssonar, Bæli í tíð Jóns Sigurðssonar og Neðrihús (*Hrafnseyrarhús*) árið 1910 í tíð Séra Böðvars Bjarnasonar.“³⁹

Í jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vítalín er sagt

um Sjávarhús þau séu fimmta hjáleiga byggð við sjóinn fyrir 10 eða 11 árum [þá um 1700] Landskuld er 1 vætt af fiski heim til staðarins. Býlið hefur eina kú tvær ær og eitt lamb.⁴⁰

Minjalýsing: Sjávarhús hafa líklega verið þar sem endi flugbrautar er í dag og þær leifar sem hafa verið þar hafa horfið við þær framkvæmdir. Ein rústabunga gæti þó verði umrædd rúst sem Böðvar fjallar um en hinar hafa horfið undir flugvöll og veg.



Mynd 33. Gamalt örnefnakort á loftmynd sem til er á Hrafnseyri. Sýnir rúst sem líklega er staðsett á þeim stað er hjáleigan Sjávarhús stóð.

³⁹ Böðvar Bjarnason (1961), bls. 14.

⁴⁰ Árni Magnússon og Pál Vítalín (1940), bls. 18, bindi VII.

Númer: 3173-027

Hlutverk: Naust

Tegund: Rústir

Staðsetning: A: 296085, N: 591663

Lengd: 10 m

Breidd: 18 m

Ástand: Sæmilegt

Staðhættir: „Sjávarhús voru á tanganum rétt fyrir utan bátanaustin við sjóinn. Sjást þar leifar af húsa rústum. Hjáleigur



Mynd 34. Skjáskot af stuttmynd í eigu Kvikmyndasafns Íslands sem sýnir Naustið árið 1944 og er þá orðið illa farið en enn undir þaki.

þessari fylgdi um skeið svonefnd Undirtún. Á tanga þessum eru nú geymsluhús og ná setja þar inn bát.“⁴¹

Rétt fyrir neðan túnið á Hrafnseyri og neðan við veginn en alveg fast við hann eru rústir af naustum. Naustin eru fjögur og liggja saman. Hægt er að greina fjögur hólfa. Þar sem veggir eru samnýttir á milli hólfa eru þau skráð á eitt númer. Á loftmynd þar sem örnefni hafa verið skráð inn frá 1961 og má finna á Hrafnseyri má sjá að eitt hólfið (það vestasta) hefur verið undir þaki 1961 og líklega enn í notkun þá.

Minjalýsing: Naustin liggja samsíða og eru fjögur. Breidd þeirra er 18 m og lengd 10 m. Veggir eru grónir og eru um 50 cm þar sem þeir eru hæstir. Ljósmynd er til frá byrjun 20 aldar [mynd 31] sem sýnir báta í þessum naustum. Í einu þeirra má sjá staur þar sem hefur verið spil til að draga báta upp.

⁴¹ Böðvar Bjarnason (1961), bls. 14.




Mynd 35. Naustið 2024 sama naust og sést á mynd hér að neðan.



Mynd 36. Naustið árið 1944 sjáskot af stuttmynd í eigu Kvikmyndasafns Íslands



Mynd 37. Naustin við Hrafnseyri. Ljósm.MHH



Teikning 11. Naust og rúst neðan við Hrafnseyri.

Númer: 3173-028**Hlutverk:** Óþekkt**Tegund:** Rúst**Staðsetning:** A: 296064, N: 591650**Lengd:** 13 m**Breidd:** 7m**Ástand:** Slæmt

Staðhættir: Við hlið naustanna má sjá rúst á ljósmynd frá 20. aldar. Rústin snýr langsum við ströðina ólíkt naustunum sem eru með op



Mynd 38. Líklega síðustu leifar af húsum sem tilheyrðu hjáleigunni Sjávarhúsum. Þarna sjást í rauðum hring Naustin [027] sjást vel en eru á sjötta áratug orðin þaklaus. Ljósmynd úr einkasafni.

fram. Mögulega eru þetta rústir sem Böðvar Guðmundsson lýsir „Sjávarhús voru á tanganum rétt fyrir utan bátanaustin við sjóinn. Sjást þar leifar af *húsarústum*. Hjáleigur þessari fylgdi um skeið svonefnd Undirtún. Á tanga þessum eru nú geymsluhús og má setja þar inn bát.“⁴²

Minjalýsing: Í dag eru þessar rústir greinilegar sem grænn rústahóll rétt við veginn. Aðeins ef vel er að gáð má sjá dæld á milli veggja. Rústin en um 13 m á lengd og 7 m á breidd. Sjávarhús eru merkt inn á kort Herforingjaráðs frá 1913 á þessum stað.



Mynd 39. Sama þúst og sést á mynd 34 og er líklega leifar af húsum frá Sjávarhúsum. Tekið í austur ljósm. MHH

⁴² Böðvar Bjarnason (1961), bls. 76.

Númer: 3173-029

Hlutverk: Naust/ geymsla

Tegund: Rúst

Staðsetning: A: 296032, N: 591629

Lengd: 12 m


Breidd: 5 m

Ástand: Slæmt

Staðhættir: Í fjörunni neðan við Hrafnseyri fast neðan við veginn eru rúst. Í heimild frá 1961 sem Böðvar Guðmundsson prestur á Hrafnseyri skrifar segir „Sjávarhús voru á tanganum rétt fyrir utan *bátanaustin* við sjóinn. Sjást þar leifar af húsarústum. Hjáleigur þessari fylgdi um skeið svonefnd Undirtún. Á tanga þessum eru nú *geymsluhús* og má setja þar inn bát.“⁴³



Mynd 40. Hús eða naust sem var vestast og er í dag gróinn rústahóll, Myndin er úr einkasafni.



Teikning 12. Rúst líklega naust sem er á þeim stað sem Sjávarhús hafa líklega staðið.

⁴³ Böðvar Bjarnason (1961), bls. 76.

Hægt er að sjá þetta hús á ljósmynd frá byrjun 20. aldar og þar er húsið undir þaki og greinilega í notkun og við hlið þess liggur bátur. Einnig má sjá á loftmynd frá 1961 þetta hús sem þá er undir þaki.



Mynd 41. Húsið sést fjærst á myndinni og er enn undir þaki á sjötta áratug síðustu aldar en er gróin þúst í dag. Ljósmyndin er úr einkasafni.

Minjalýsing: Í dag er aðeins eftir mjög gróinn rúst af þessu húsi niður við sjóinn. Rústin er mjög græn og stendur á þykkum hól sem gæti bent til þess að minjar séu undir þessu síðasta húsi. Rústin er 12 m á lengd og er 5 m á breidd.

4. FRAMKVÆMDARSVÆÐIÐ Í SUNNANVERÐUM ARNARFIRÐI

4.1 Landtaka strengs við Haganes

Strengurinn kemur á land úr sjó við Haganes og verður lagður ofan við veg. Þrjár minjar voru skráðar á þeirri leið. Það voru mógrafir, vegur yfir legstað hesta sem steyppt var yfir og hestalegstaður þar sem líklega er minningarmark að ræða



Mynd 42. Haganes sést ofarlega á myndinni og hliðin þar sem hann liggur. Ljós. MHH

4.2 Saga Hóls við Bíldudal

Fyrstu heimildir sem koma fram um jörðina Litlu Eyri eru frá árinu 1569 er jarðirnar Litla Eyri og Hóll eru seldar með öllum gögnum og gæðum sem fylgt hafa að fornu og nýju.⁴⁴ Hjáleigur Hóls voru bæirnir Hólakot, Hjallhóll og Hólshús en hjáleiga Litlu Eyrar var Litlueyrarhús.⁴⁵ Í jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalín sem gerð var á Bíldudal um 1710 segir að Litla Eyri hafi fyrrum verið hjáleiga frá Hóli, í Jarðabókinni eru skráðar tvær hjáleigur frá Litlu Eyri, Litlueyrarhús sem áður hefur verið nefnd og svo tómthús sem stóð niður á Bíldudalseyri við hlið verslunarinnar og var kallað Búðeyri.⁴⁶

Á Bíldudal var ein af höfnum einokunarverslunar en ýmislegt bendir til þess að áður hafi þýskir kaupmenn stundað þar verslun. Þegar verslunin var gefin frjáls á 18. öld komst Bíldudalsverslun í hendur einkaaðila og fyrstur eftir að einokun var aflétt var Ólafur Thorlacius og var hann einn umsvifamesti kaupmaður landsins.⁴⁷

Bænhús mun hafa verið á Hóli en var lagt af árið um 1674.⁴⁸ Á túninu á Hóli austan við bæjarhúsin er örnefnið Bænhúsflöt en þar sást móta fyrir grunnfleti bænhústóftarinnar um 1950 en hvarf við túnasléttun.⁴⁹ Talið er að verslun hafi verið stunduð á Bíldudal lengi og hafi einkum enskir og þýskir kaupmenn verslað þar fyrr á öldum en verslun fór þá aðallega fram í skipum. Fyrsta heimildin um danska verslun á Bíldudal er kæra sem lögð var fram á verslunina á Hvestuþingi árið 1615.⁵⁰ Snemma á 19. öld stóðu myndarleg verslunarhús á Bíldudal "hin myndarlegustu sem Ebenezer Henderson kvaðst hafa séð á landinu á ferðum sínum 1814-1815". Þau voru rifin fyrir 1880 en í lok aldarinnar reisti Pétur Thorsteinsson meðal annars verslunar- og íbúðarhús sem var talið ein glæsilegasta bygging sinnar gerðar á landinu, búið ýmsum nútímaþægindum svo sem rennandi vatni og frárennsli. Þegar Pétur keypti verslunina á Bíldudal 1880 var þar aðeins eitt íbúðarhús og nokkrir kofar auk húsa verslunarinnar, en næstu áratugi átti sér stað mikil uppbygging. Þegar Pétur kom á Bíldudal árið 1879 var byggð nær eingöngu á þeim bæjum sem voru í dalnum og aðeins voru þrjú hús á svæðinu sem bærinn byggðist síðar á. Hóf Pétur að

⁴⁴ Íslenzkt fornbréfasafn, 15. bindi (1947-1950), bls. 327.

⁴⁵ Ingvaldur Nikurlásson (2001), bls. 44.

⁴⁶ Árni Magnússon og Páll Vídalín (1940), bls. 378

⁴⁷ Sólrún Geirsdóttir (2000), bls. 3.

⁴⁸ Árni Magnússon og Páll Vídalín (1940), bls. 378

⁴⁹ Ingvaldur Nikurlásson (2001), bls. 45.

⁵⁰ Ingvaldur Nikurlásson (2001), bls. 45.

kaupa skip og var byggð hafskipabryggja stuttu síðar og fjölgaði fólki á Bíldudal ört eftir það og fluttist þangað úr öllum landsfjórðungum. Nýtt verslunarhús var reist og hinn svonefndi Langiskúr sem var lengsta hús á Íslandi og notað undir saltfisk. Einnig risu bakarí, smiðja og kirkja. Vegur var lagður frá kaptúninu og að Litlu Eyri.⁵¹ Mikill umsvif voru á Bíldudal á fyrrihluta tuttugustu aldar en fór að dragast saman á síðari hluta tuttugustu aldar.

⁵¹ Hafliði Magnússon, [útgáfuár vantar]: bls. 26-27

4.3 Litla Eyri á Bíldudal

Fyrstu heimildir sem koma fram um jörðina Litlu Eyri eru frá á11rinu 1569 er jarðirnar Litla Eyri og Hóll eru seldar með öllum gögnum og gæðum sem fylgt hafa að fornu og nýju.⁵² Hjáleigur Hóls voru bæirnir Hólakot, Hjallhóll og Hólshús en hjáleiga Litlu Eyrar var Litlueyrarhús.⁵³ Í jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalín sem gerð var á Bíldudal um 1710 segir að Litla Eyri hafi fyrrum verið hjáleiga frá Hóli, í Jarðabókinni eru skráðar tvær hjáleigur frá Litlu Eyri, Litlueyrarhús sem áður hefur verið nefnd og svo tómthús sem stóð niður á Bíldudalseyri við hlið verslunarinnar og var kallað Búðeyri.⁵⁴

Á Bíldudal var ein af höfnum einokunarverslunar en ýmislegt bendir til þess að áður hafi þýskir kaupmenn stundað þar verslun. Þegar verslunin var gefin frjáls á 18. öld komst Bíldudalsverslun í hendur einkaaðila og fyrstur eftir að einokun var aflétt var Ólafur Thorlacius og var hann einn umsvifamesti kaupmaður landsins.⁵⁵

Bænhús mun hafa verið á Hóli en var lagt af árið um 1674.⁵⁶ Á túninu á Hóli austan við bæjarhúsin er örnefnið Bænhúsflöt en þar sást móta fyrir grunnfleti bænhústóftarinnar um 1950 en hvarf við túnasléttun.⁵⁷

Talið er að verslun hafi verið stunduð á Bíldudal lengi og hafi einkum enskir og þýskir kaupmenn verslað þar fyrr á öldum en verslun fór þá aðallega fram í skipum. Fyrsta heimildin um danska verslun á Bíldudal er kæra sem lögð var fram á verslunina á Hvestuþingi árið 1615.⁵⁸

Snemma á 19. öld stóðu myndarleg verslunarhús á Bíldudal *“hin myndarlegustu sem Ebenezer Henderson kvaðst hafa séð á landinu á ferðum sínum 1814-1815”*. Þau voru rifin fyrir 1880 en í lok aldarinnar reisti Pétur Thorsteinsson meðal annars verslunar- og íbúðarhús sem var talið ein glæsilegasta bygging sinnar gerðar á landinu, búið ýmsum nútímaþægindum svo sem rennandi vatni og frárennsli. Þegar Pétur keypti verslunina á Bíldudal 1880 var þar aðeins eitt íbúðarhús og nokkrir kofar auk húsa verslunarinnar, en næstu áratugi átti sér stað mikil uppbygging. Þegar Pétur kom á Bíldudal árið 1879 var

⁵² *Diplomatarium Islandicum. Íslenzkt fornbréfasafn*, 15. bindi (1947-1950), bls. 327.

⁵³ Ingvaldur Nikurlásson (2001), bls. 45.

⁵⁴ Árni Magnússon og Páll Vídalín (1940), bls. 378, bindi VII.

⁵⁵ Sólrún Geirsdóttir (2000), bls. 3.

⁵⁶ Árni Magnússon og Páll Vídalín VII.1940: 376

⁵⁷ Ingvaldur Nikurlásson (2001), bls. 45.

⁵⁸ Ingvaldur Nikurlásson (2001), bls. 45.

byggð nær eingöngu á þeim bæjum sem voru í dalnum og aðeins voru þrjú hús á svæðinu sem bærinn byggðist síðar á. Hóf Pétur að kaupa skip og var byggð hafskipabryggja stuttu síðar og fjölgaði fólki á Bíldudal ört eftir það og fluttist þangað úr öllum landsfjórðungum.

Nýtt verslunarhús var reist og hinn svonefndi Langiskúr sem var lengsta hús á Íslandi og notað undir saltfisk. Einnig risu bakarí, smiðja og kirkja. Vegur var lagður frá kaптúninu og að Litlu Eyri.⁵⁹ Mikil umsvif voru á Bíldudal á fyrrihluta tuttugustu aldar en fór að dragast saman á síðari hluta tuttugustu aldar.

5. Minjar í landi Litlu Eyrar og Hóls

Númer: 3173-030

Hlutverk: Mógrafir

Tegund: Náma

Staðsetning: A: 288224, N: 582593

Ástand: Sæmilegt

Staðhættir: Um 275 m vestur af kirkjugarðinum á Bíldudal norðanmegin við Litlueyrará eru 4-5 mógrafir.

Minjalýsing: Grafirnar eru þrjár og eru um 10 m á lengd og 3-5 m á breidd. Þær eru vel grónar og eru á bakkanum norðan við ána þar sem strengurinn mun liggja.

Númer: 3173-031

Hlutverk: Vegur

Tegund: Samgöngubót

Staðsetning: A: 288877, N: 588308

Lengd: 1.4 km

Breidd: 5 m

Ástand: Slæmt

Staðhættir: Um 30 m ofna (í austur) við núverandi þjóðveg sér móta fyrir gamalli leið, líklega gömlu þjóðleiðinni.

Minjalýsing: Hægt er að greina leiðina á loftmyndum frá botni Bíldudalsvogs og út að Haganesi. Strengurinn er um 8 metra ofan við leiðina.

⁵⁹ Hafliði Magnússon [útgáfuár vantar]: bls.26-27

Númer: 3173-032

Hlutverk: Gröf

Tegund: Legstaður

Staðsetning: A: 288526, N: 582778


Lengd: 3 m

Breidd: 2 m

Ástand: Slæmt

Staðhættir: Að sögn heimildarmanns Finnbjörns Bjarnasonar, var rétt ofan við gömlu brúnna yfir Litlueyrará í botni Bíldudalsvogs leiði hesta. Hafði eigandi heygt hesta þarna og steipt plötu yfir. Platan sést á loftmynd frá 1958.

Minjalýsing: Í dag sést móta fyrir kassanum en platan er yfirgróin. Strengurinn er um 4 m ofan við gröfuna. Ekki er alveg ljóst hversu gömul hún er, líklega alveg á mörkum þess að vera fornleif. Lagt er til að merkja hana.



Mynd 43. Mógrafirnar sem eru við Litlueyrará. Loftmynd Google Maps n.d.

6. NIÐURSTÖÐUR

Strengurinn (MJ2) sem leggja á frá Mjólkárverkjun fer í vegi að Hrafnseyri og þar út í sjó og kemur á land á Haganesi hinum megin í Arnarfirði. Strengurinn liggur að mestu í veginum. Þó nokkuð af minjum sé mjög nærri vegi þá sleppa þær ef strengurinn er hafður í veginum.

Alls voru skráðar 37 minjar við fornleifaskráninguna þar sem 29 þeirra voru skráðar í norðanverðum Arnarfirðinum og þrjár í sunnanverðum Arnarfirðinum. Flestar minjar sem voru skráðar voru naust eða alls 12 talsins [3173-001, 3173-006, 3173-007, 3173-008, 3173-010, 3173-012, 3173-014, 3173-016, 3173-023, 3173-027, 3173-028, 3173-029]. Þar á eftir voru skráð fjögur býli [3173-009, 3173-011, 3173-017, 3173-026], fjórir vegir eða leiðir [3173-002, 3173-005, 3173-025, 3173-031], tveir túngarðar [3173-003, 3173-019], tvö útihús [3173-013, 3173-020], tvær þústir [3173-015, 3173-022], eitt aðhald [3173-021], ein fjárborg [3173-024], ein bryggja [3173-004], einn kálgarður [3173-018], einn legstaður [3173-032] og ein mógröf [3173-030].

Það er álit skýrsluhöfundar að þó að minjar séu nærri og eðlilegt vinnulag væri að gera í þær könnunarskurði sökum nálægðar við streng, ætti að vera hægt að leggja strenginn án þess að minjar verði fyrir skemmdum þrátt fyrir nálægð. Könnunarskurðir valda skemmdum á minjum og er betra að hafa þær heilar og mjög nærri streng en skornar af könnunarskurðum.

Mjög mikilvægt er hins vegar að merkja minjar vel og að fornleifafræðingur hafi eftirlit með minjum á framkvæmdartíma og sé viðstaddur þegar strengur er lagður við Hrafnseyri. Með þessu ætti að vera hægt að koma í veg fyrir að minjar skemmist við lagningu strengs.

Breytingar á legu strengs ágúst 2024

Í ágúst 2024 var gerð breyting á legu strengsins og hann færður ofar beit út frá Mjólkárverkjun til norðurs. Var sú tillaga teiknuð yfir bæjarhól Borgar. Minjavörður Vestfjarða gerði athugasemd við þá tillögu. Þá var Náttúrustofa Vestfjarða fengin til að gera viðbótarskráningu á umfangi bæjarhóls svo hægt væri að vita útmörk hans og minjar sem sáust á bæjahól og heimildir fundust um voru skráðar og bætt við skýrslu sem nú kemur út með þeim viðbótum. Allar minjar á bæjarhólnum hafa verið sléttaðar en

samkvæmt heimildarmanni stóð bærinn síðast þar sem nú standa hesthús. Gamall túngarður [034] er enn greinilegur, og ein rúst [035] einnig eru heimildir um tvö úthús þar sem grjót er, sem líklega hefur tilheyrt þeim byggingum [036-037]. Ljóst er að strengurinn getur ekki legið eins og tillaga sem sýnd er á mynd 3. Nema að undangengnum rannsóknnum. Það er í verkhring Minjastofnunar að leggja til tillögur ef breytingar verða gerðar á fyrirhuguðum streng. Það er álit skýrsluhöfundar að það sé möguleiki að leggja í hæfilegri fjarlægð frá minjum en allar ákvarðanir og tillögur er í höndum Minjastofnunar.

Lagt er til að leyfi verði gefið til að rjúfa garð neðan við Rauðstaði [003] er sá garður er þegar horfin mikið undir veg. Naust [007] fer undir streng. *Lagt er til að strengur verði færður* þar upp í veg að örðum kosti er lagt til að gera könnunarskurð.

Strengurinn kemur upp á Haganesi en er meira en 15 m frá þeim rústum sem þar eru. Síðan liggur hann ofan við veg og engar minjar fundust þar nema gömul leið [031] sem liggur þar nærri og þrjár mógrafir [030]. Lagt er til að leyfi verði gefið til að fara yfir mógrafirnar. Lagt er til að leiði sem gert var yfir hesta [032] sem er 4 m frá streng verði merkt til að forða því frá skemmdum.

Ef fornleifafræðingur merkir minjar og hefur eftirlit með framkvæmdum sérstaklega við Hrafnseyri ætti að vera hægt að koma í veg fyrir að skemmdir verði á minjum. Hnika verður til streng frá nausti númer [007] Framkvæmdaraðli þarf að sækja um leyfi til röskunar á minjum [002] Leið[003] túngarður [030] mógrafir til Minjastofnunar.

Varðandi beitingar á streng við

7. TILLÖGUR AF MÓTVÆGISADGERÐUM

Númer minja	Staðsetning	Tegund	Hættumat	Hætta vegna	Tillaga mótvægisadgerð	að
3173-001	308930 592999	Naust	Lítil hætta	Inn röskunarsvæði á 10 m frá streng	Engar	
3173-002	308671 593383	Leið	Mikil hætta	Fer að hluta yfir	Leyfi til röskunar	
3173-003	307845 593949	Túngarður	Mikil hætta	Inn röskunarsvæði. Strengur fer yfir	Leyfi til röskunar	
3173-004	307694 593908	Heimild/bryggja	Lítil hætta	Inn röskunarsvæði á	Engar	
3173-005	307731 593949	Vegur	Hætta	Inn röskunarsvæði á	Horfið	
3173-006	307196 593727	Naust	Hætta	Inn röskunarsvæði. 5 m frá streng	Merkja þarf minjar	
3173-007	307002 593605	Naust	Mikil hætta	Strengur fer yfir rúst	Athuga þarf eðli og umfang eða hnika streng frá	
3173-008	307012 593603	Naust	Hætta	Inn röskunarsvæði á	Engar	
3173-009	303753 591765	Býli	Hætta	Inn röskunarsvæði á	Athuga þarf eðli og umfang	
3173-0010	306314 593432	Naust	Hætta	Inn röskunarsvæði. 3.5 m frá streng	Merkja þarf minjar	
3173-011	305487 592859	Býli	Hætta	Inn röskunarsvæði. 7 m frá streng	Merkja þarf minjar	
3173-012	305462 592841	Naust	Hætta	Inn röskunarsvæði. 8 m frá streng	Merkja þarf minjar	
3173-013	305432 592831	Útihús/rúst/	Mikil hætta	Inn röskunarsvæði, 2 m frá streng	Merkja þarf minjar	
3173-014	305340 592757	Naust	Hætta	Inn röskunarsvæði, 8 m frá streng	Merkja þarf minjar	

3173-015	304394 592038	Óþekkt/ þúst	Hætta	Inn á röskunarsvæði, 5 m frá streng	Merkja þarf minjar
3173-016	304363 592032	Naust	Hætta	Inn á röskunarsvæði, 5 m frá streng	Merkja þarf minjar
3173-017	301709 591977	Býli	Hætta	Inn á röskunarsvæði,	Merkja þarf minjar
3173-018	301709 591974	kálgarður	Lítil hætta	Inn á röskunarsvæði,	Merkja þarf minjar
3173-019	301752 591990	Túngarður	Hætta	Inn á röskunarsvæði,	Merkja þarf minjar
3173-020	301735 591974	Útihús/rúst/	Hætta	Inn á röskunarsvæði,	Merkja þarf minjar
3173-021	301729 591937	Aðhald	Engin hætta	Utan við röskunarsvæði,	Engar
3173-022	301777 591986	Þúst	Engin hætta	Utan við röskunarsvæði,	Engar
3173-023	296349 591755	Naust	Hætta	Inn á röskunarsvæði, 9 m frá streng	Merkja þarf minjar
3173-024	295372 591762	Fjárborg	Engin hætta		Engar horfið
3173-025	296432 591784	Vegur	Engin hætta	Inn á röskunarsvæði, en strengur er í vegi sem þegar hefur raskað gamla veginum	
3173-026	296023 591623	Býli/rústa bunga	Hætta	Inn á röskunarsvæði,	Merkja þarf minjar
3173-027	296085 591663	Naust	Hætta	Inn á röskunarsvæði,	Merkja þarf minjar
3173-028	296064 591650	Naust/ geymsla	Hætta	Inn á röskunarsvæði,	Merkja þarf minjar
3173-029	296032 591629	Naust	Hætta	Inn á röskunarsvæði,	Merkja þarf minjar
3173-030	288224 582593	Mógrafir	Mikil hætta	Inn á röskunarsvæði,	Leyfi til röskunar
3173-031	288877 588308	Vegur	Hætta	Inn á röskunarsvæði, / m frá Streng	Engar
3173-032	288526 582778	Legsstaðir	Mikil hætta	Inn á röskunarsvæði,	Merkja þarf minjar

3173-033	309175 593109	Bæjarhóll	Mikil hætta	Strengur fer yfir bæjarhól	Færa eða viðeigandi mótvægisáðgerðir
3173-034	309101 593614	Túngargarðurur	Mikil hætta	Strengur fer yfir túngarð	Færa eða viðeigandi mótvægisáðgerðir
3173-035	309224 593145	Rúst	Mikil hætta	Strengur fer yfir rúst	Færa eða viðeigandi mótvægisáðgerðir
3173-036	309129 593030	Rúst	Lítill hætta		
3173-037	309145593009	Rúst	Lítill hætta		

8. HEIMILDASKRÁ

- Árni Magnússon, & Vídalín, P. (1940). *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns* (7. bindi). Hið íslenska fræðafélag.
- Diplomatarium Islandicum. (1893). *Íslenzkt fornbréfasafn, sem hefir inni að halda bréf og gjörninga, dóma og máldaga og aðrar skrár, er snerta Ísland eða íslenzka menn* (2. bindi, 1253-1350). Reykjavík: Hið íslenzka bókmenntafélag.
- Diplomatarium Islandicum. (1909-1913). *Íslenzkt fornbréfasafn, sem hefir inni að halda bréf og gjörninga, dóma og máldaga og aðrar skrár, er snerta Ísland eða íslenzka menn* (9. bindi, 1262-1536). Reykjavík: Hið íslenzka bókmenntafélag.
- Haflíði Magnússon. (n.d.). *Arnarfjörður: Þjóðsögur, galdrasögur, kynjasögur, heimildir og örnefni í rétttri röð eftir fjörðum og dölum* [Útgáfustaður vantar: Útgefandi vantar].
- Ingvaldur Nikulásson. (2001). *Mannlíf og saga fyrir vestan: Þjóðlegur fróðleikur gamall og nýr* (Ritroð 9, hefti). Hrafnseyri: Vestfirski forlagið.
- Kjartan Ólafsson. (1999). *Firðir og fólk 900-1900: Vestur Ísafjarðarsýsla*. Útgáfufélag Búnaðarsambands Vestfjarða.
- Kristín Martha Hákonardóttir, Gíslason, S., & Thoroddsen, Á. (2020). *Ofanflóðavarnir í Vesturbyggð: Stekkjargil/Gilsbakkagil og Milligil á Bíldudal* (Annar áfangi frumathugunar: Þvergarðar). Nóvember 2020.
- Kristín Sýlvía Ragnarsdóttir, & Hallmundsdóttir, M. H. (2021). *Fornleifaskráning vegna ofanflóðavarna í Vesturbyggð við Stekkjargil/Gilsbakkagil og Milligil á Bíldudal*. Bolungarvík: Náttúrustofa Vestfjarða.
- Margrét Hrönn Hallmundsdóttir. (2014). *Fornleifakönnun vegna fyrirhugaðra ofanflóðavarna á Bíldudal*. Bolungarvík: Náttúrustofa Vestfjarða.
- Margrét Hrönn Hallmundsdóttir. (2015). *Arnarfjörður á miðöldum framvinduskýrsla 2015*. Bolungarvík: Náttúrustofa Vestfjarða.
- Margrét Hrönn Hallmundsdóttir. (2021). *Arnarfjörður á miðöldum áfangaskýrsla 2020*. Bolungarvík: Náttúrustofa Vestfjarða.

Kort og loftmyndir

Herforingaráðskort 69 NV: Vík. (1903). 1:10.000. Landmælingar Íslands.

Landmælingar Íslands. (n.d.). *Stafræn kortgögn LMÍ*.

Landmælingar Íslands. (1969, ágúst 23). *Loftmyndasafn LMÍ. Svæði nr: 12 - Bíldudalur*.

Tökudagur: 1969-08-23. Flughæð: 1800 metrar. Brennivídd linsu: 115,06. Stærð filmu: 18x18. Yfirlöppun: 80. Tegund myndar: SH. Flokkur: B númer: 3763 til 3766.

Lög og reglugerðir

Lög um umhverfismat framkvæmda og áætlana, nr. 111/2021.

Vefheimildir

Landnáma. Sótt af <https://www.snerpa.is/net/snorri/landnama.htm>

Örnefnaskrár

Örnefnaskrá Borg. Örnefnastofnun Íslands.

Örnefnaskrá Rauðstaða. Örnefnastofnun Íslands.

Örnefnaskrá Gljúfrá. Örnefnastofnun Íslands.

Örnefnaskrá Hjálkkárseyri. Örnefnastofnun Íslands.

Örnefnaskrá Hrafneyri. Örnefnastofnun Íslands.

Sóknarlýsingar

Sóknarlýsingar Vestfjarða. (1952). *Sóknarlýsingar Vestfjarða* (2. bindi). Reykjavík: Samband vestfirzkra áttthagafélaga.

Jarðatöl

Johnsen, J. (1847). *Jarðatal á Íslandi*. Kaupmannahöfn: J. Johnsen.

Sýslu- og Sóknarlýsingar Hins íslenskabókmenntafélags (1839-1873). (1997). Reykjavík: Hið íslenska bókmenntafélag.

9. HNITASKRÁ

3173-001	308930 592999
3173-002	308671 593383
3173-003	307845 593949
3173-004	307694 593908
3173-005	307731 593949
3173-006	307196 593727
3173-007	307002 593605
3173-008	307012 593603
3173-009	303753 591765
3173-010	306314 593432
3173-011	305487 592859
3173-012	305462 592841
3173-013	305432 592831
3173-014	305340 592757
3173-015	304394 592038
3173-016	304363 592032
3173-017	301709 591977
3173-018	301709 591974
3173-019	301752 591990

3173-020	301735 591974
3173-021	301729 591937
3173-022	301777 591986
3173-023	296349 591755
3173-024	295372 591762
3173-025	296432 591784
3173-026	296023 591623
3173-027	296085 591663
3173-028	296064 591650
3173-029	296032 591629
3173-030	288224 582593
3173-031	288877 588308
3173-032	288526 582778
3173-033	309175 593109
3173-034	309101 5936140
3173-035	309224 593145
3173-036	309129 593030
3173-037	309145,593009

10. KORT




Lega strengs frá Mjólkárirkjun og þar sem hann fer í sjó við Hrafnseyri

Kort 1. Kort sem sýnir legur strengs frá Mjólká að Hrafnseyri. Kortagrunnur: Google




Svæði þar sem minjar er að finna á leiðinni frá Mjólka á Hrafnseyri

Kort 2. Hvítu hringirnir sýna hvar minjar eru á strengleið frá Mjólka. Kortagrunnur: Google



Kort 3. Innmæling af minjum við Hrafnseyri. Kortagrunnur: Google Maps n.d.




Kort 4. Kort af minjum á neðri bænum á Gljúfrá. Kortagrunnur Google Maps n.d.



Kort 5. Kort af minjum við Óskarsel



Kort 6. Kort af minjum í Borgarfirði nærri Dýrafjarðargöngum. Kort Google Maps n.d.



Mynd 44. Innmæling á minjum í túninu á Borg